

Sþ.

61. Tillaga til þingsályktunar

[40. mál]

um vélræna upptöku á þingræðum.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Páll Zóphóniasson.

Alþingi skorar á forseta Alþingis og ríkisstjórn að gera ráðstafanir til, að umræður á Alþingi verði teknar á vélrænan hátt, þannig að þingskriftir hverfi að mestu eða öllu leyti. Undirbúningi sé lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi, ef þess er nokkur kostur.

Kostnaður við framkvæmd tillögu þessarar greiðist úr ríkissjóði og telst til alþingiskostnaðar.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var flutt sams konar þingsályktunartillaga að efni til af okkur, sem nú flytjum þessa tillögu. Var þeirri tillögu vísað til allshn. sameinaðs Alþingis. Afgreiddi nefndin tillöguna, en lagði til, að bundin væri við hana tillaga um vikulega útgáfu Alþingistiðindanna. Ekki viljum við flutningsmenn taka þá tillögu hér upp og teljum bæði feikidýrt að prenta allan umræðupartinn og óframkvæmanlegt vegna anna í prentsmiðjunum að prenta svo fljótt umræður sem þar er ráð fyrir gert. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögu okkar á síðasta þingi:

„Það er viðurkennt, að margir þingmenn eru hættilir að nokkru eða öllu að lesa yfir handrit skrifara að ræðum þeim, er þeir flytja undir umræðum á Alþingi, og ræðupartur þingtiðinda því ekki lengur traustur grundvöllur fyrir því, sem sagt er á Alþingi. Vegna þessa og fleira hefur verið talað um að taka ræður þingmanna á stálþráð eða plastþráð og geyma þær þannig. Tilraun, er gerð hefur verið til þessa, gaf þá raun, að álíta verður, að hagkvæmara verði að taka ræður á plastþráð eða stálþráð en láta skrifa þær, eins og nú er gert, og ætlast flutningsmenn til, að gengið verði úr skugga um það fyrir næsta reglulegt Alþingi og sú aðferð, er bezt reynist, þá látin koma til framkvæmda.“